



Alþingi  
Umhverfis- og samgöngunefnd  
Kirkjustræti  
101 Reykjavík

Reykjavík 26. maí 2023

Tilvísun: 2305083/0.7.6

### Efni: Umsögn Landhelgisgæslu Íslands um tillögu til þingsályktunar um gerð stefnu um móttöku skemmtiferðaskipa

Visað er til erindis frá umhverfis- og samgöngunefnd Alþingis dagsett þann 17. maí 2023 þar sem óskað er eftir umsögn Landhelgisgæslu Íslands um tillögu til þingsályktunar um gerð stefnu um móttöku skemmtiferðaskipa, 383. mál.

Eins og fram kemur í greinargerð með þingsályktunartillögunni hefur verið mikil aukning í komu skemmtiferðaskipa til landsins á undanförmum árum, að undanskildum þeim árum sem einkenndust af heimsfaraldri af völdum kórónuveiru. Um er að ræða bæði stór farþegaskip og einnig smærri skip, svokölluð leiðangursskip. Landhelgisgæslan hefur áður bent á að þau farþegaskip sem hingað koma og sigla milli hafna hér á landi fari ekki ávallt beina leið að næstu höfn, þau sigli um firði í útsýnisferðum og hafi jafnvel viðkomu og hleypi farþegum í land án þess að leggja að höfn. Siglingar þessara skipa eru oft um svæði sem eru illa eða ekki kortlögð og því fylgir óhjákvæmilega einhver hættu, bæði fyrir fólk og umhverfi. Landhelgisgæsla Íslands ásamt Samgöngustofu og Umhverfisstofnun hefur því bent á að það geti verið þörf á því að skoða það hvort bæta þurfi lagaumgjörð um tilkynningarskyldu um siglingaleiðir, landtöku utan hafna, siglingar kafbáta frá farþegaskipum og fleira. Vert er að taka fram að hjá Landhelgisgæslu Íslands er mikil þekking á siglingum, leiðsögu, siglingaöryggi og sjómælingum.

Nú er til umræðu á Alþingi frumvarp til breytinga á lögum um vaktstöð siglinga, nr. 41/2003, 975. mál, þar sem að einhverju leyti er komið á móts við þessi sjónarmið þar sem lagt er til að skipum yfir 300 brúttótonnum verði gert skylt að tilkynna um fyrirhugaða siglingaleið. Landhelgisgæsla Íslands hefur enn fremur bent á að æskilegt geti verið að kveða á um frekari tilkynningar í reglugerð svo sem þegar farþegar eru settir í land utan hafna. Um getur verið að ræða nokkurn fjölda fólks og ávallt getur verið einhver hættu búin þegar tugir eða hundruð manna eru ferjuð í land utan hafna þar sem jafnvel engin aðstaða er í landi til að taka á móti fólkinu. Til frekari skýringar vísar Landhelgisgæsla Íslands til umsagnar sinnar um nefnt frumvarp frá 12. maí 2023.

Með framangreint í huga styður Landhelgisgæsla Íslands að unnin verði stefna um móttöku skemmtiferðaskipa og leggur áherslu á að auk hagsmunaaðila verði tryggð aðkoma þeirra ráðuneyta og stofnana sem sérþekkingu hafa og að málaflöknum koma.

Virðingarfyllst,



Guðríður Margrét Kristjánsdóttir  
Yfirlögfræðingur